



Ársskýrsla 2021-2022

JÚNÍ 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri	4
2. Fjármál og rekstur.....	5
3. Aðstaða og faglegt starf.....	6
4. Miðlun upplýsinga	10
5. Ytra samstarf	12

Inngangur

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) gengu vel á liðnu starfsári og sýnir ársreikningur 2021 jafnvægi í rekstri. Niðurstaða rekstraráætlunar AkAk fyrir sama ár er innan þeirra marka sem settar voru um tekjur og gjöld og í rekstraráætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að reksturinn skili áfram jákvæðri afkomu.

Verkefni sem hæst bar í starfi AkAk á liðnu starfsári er aukin miðlun upplýsinga um starf á vettvangi AkAk. Þar á meðal er skýrsla sem tekin var saman í tilefni af 15 ára afmæli AkAk á árinu 2021 sem inniheldur yfirlit yfir öll verk sem einstaklingar hafa unnið að hjá AkAk og viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir á liðnum 15 árum. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna kórónufaraldursins stóran hluta starfsársins þá tókst engu að síður að auka innra starf á vettvangi AkAk á nýjan leik og einnig ytra samstarf við ýmsa aðila og viðburðahald fyrir almenning. Kórónufaraldurinn hefur hins vegar leitt til þess að minni nýting er á vinnuáðstöðu hjá AkAk á árinu 2021 en undanfarin ár. Stjórn AkAk er fullviss um að hægt verði að snúa þeirri stöðu við og auka nýliðun í innanhúss- og félagahópnum þegar kemur fram á þetta ár.

Stjórn AkAk þakkar mennta- og menningarmálaráðuneytinu og nýju ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar fyrir samstarfið á liðnu starfsári og væntir áfram góðs samstarfs.

Akureyri 1. júní 2022

F. h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson formaður

1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi 20. maí 2021 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar (AkAk) en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð, þar af þrjú í stjórn til eins árs í senn, úr hópi skráðra fulltrúa.

Stjórn 2021-2022:

- Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður
- Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Fulltrúaráð 2021-2022:

- Bergljót Þrastardóttir
- Margrét Guðmundsdóttir
- Martina Huhtamäki. Sumarið 2021 flutti Martina til Finnlands og kom Jakob Þór Kristjánsson þá inn í fulltrúaráðið
- Valgerður S. Bjarnadóttir

Stjórn AkAk fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfboðavinnu. Stjórnin hefur haldið níu stjórnarfundi á starfsárinu. Sá háttur hefur verið hafður á að senda fundarboð og gögn einnig til fulltrúaráðsins svo að fulltrúar geti fylgst með gangi mála og setið stjórnarfundi þegar þeir hafa tök á.

Framkvæmdastjóri hefur verið í 30% starfi frá því hún hóf störf í mars 2020 en haustið 2021 ákvað stjórn að hækka hlutfallið í 50%. Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast rekstur hennar og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni og situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

2. Fjármál og rekstur

Markmið stefnu AkAk um fjármál og rekstur er að tryggja öryggi og stöðugleika með því að endurnýja samstarfssamning við ráðuneytið um fjárveitingar til lengri tíma, að halda góðum tengslum við ráðuneytið með samráðsfundum og miðlun upplýsinga um fjármál og starfsemi AkAk og að afla styrkja til að standa straum af kostnaði við viðburði og önnur verkefni.

Fyrsti samstarfssamningur AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstrarframlög á fjárlögum var gerður árið 2015 en þá var lagður grunnur að stöðugleika í rekstri og starfsemi AkAk. Samningurinn gildi út árið 2017 og eftir það hafa verið gerðar árlegar framlengingar. Á árinu 2021 var rekstrarframlag ríkisins til AkAk 9,2 m.kr. og á þessu ári er það 9,7 m.kr.

Í september 2021 áttu framkvæmdastjóri og gjaldkeri samráðsfund með fulltrúum ráðuneytis um fjármál og starfsemi AkAk samkvæmt ákvæðum samstarfssamnings. Þar var einnig rætt um undirbúning að því að endurnýja samstarfssamninginn til lengri tíma og stóðu vonir til að nýr samningur myndi liggja fyrir um áramótin 2021/2022. Þessu hefur seinkað vegna breytinga sem gerðar voru á stjórnarráðinu þegar núverandi ríkisstjórn tók við eftir kosningar sem fólu í sér tilfærslu verkefna milli ráðuneyta og stofnun nýrra. Háskólar og fræða- og þekkingarsetur voru þá færð frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í nýtt ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra stýrir. Ráðherra kom til Akureyrar um miðjan febrúar sl. og heimsótti þá m.a. AkAk og ýmsar stofnanir og fyrirtæki í bænum. Stjórn AkAk þakkar ráðherra kærlega fyrir heimsóknina. Í byrjun apríl áttu stjórn og framkvæmdastjóri fund með starfsmönnum ráðuneytisins sem vinna á skrifstofu þess hér á Akureyri, þeim Selmu Dögg Sigurjónsdóttur og Sigurði Steingrímssyni, til að fræðast um áherslur ráðuneytisins og að kynna starfsemi AkAk.

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar gengu vel á starfsárinu. Ársreikningur AkAk fyrir árið 2021 sýnir jafnvægi í fjármálum og rekstri og er rekstrarafkoma ársins jákvæð um rúmlega 300.000 kr. Rekstrartekjur eru 11,5 m.kr. og eru leigutekjur hærrí en á árinu 2020. Rekstrargjöld eru 10,1 m.kr. og eru þau hærrí en árið 2020 vegna aukins verkefnakostnaðar og rekstrarkostnaðar fasteignar AkAk í Sunnuhlíð. Í verkefnakostnaði eru fyrirlestrar fyrir íbúana á öldrunarheimilunum í bænum og skýrsla sem tekin var saman í tilefni af 15 ára afmæli AkAk á árinu 2021 um verkefni sem unnin hafa verið innan veggja AkAk og viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir frá upphafi árið 2006 og til ársins 2021. Aukinn kostnaður við rekstur fasteignar AkAk skýrist af því að árið 2021 er fyrsta heila árið í rekstri frá því að húsnæðið var keypt í janúar 2020. Í rekstri fasteignar eru fasteignagjöld, rekstur sameignar, viðhald, rafmagn og hiti, ræsting og hreinlætisvörur, gjaldfærð áhöld og tæki, kaffistofa og tryggingar. Laun og launatengd gjöld eru svipuð milli ára en annar rekstrarkostnaður er lægri en á árinu 2020.

Upphafleg upphæð lánsins sem tekið var til að festa kaup á húsnæði AkAk er 20,250 m.kr. og er mánaðarleg afborgun af því nú rúmlega 155,000 kr. og eftirstöðvar af láninu 18,9 m.kr. Samkvæmt ársreikningi 2021 eru árleg vaxtagjöld af láninu að frádregnum vaxtatekjum 1,1 m.kr. og árleg afborgun af höfuðstól lánsins er 1,0 m.kr.

Niðurstaða rekstraráætlunar AkAk fyrir árið 2021 er innan þeirra marka sem settar voru um tekjur og gjöld og í rekstraráætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að reksturinn skili áfram jákvæðri afkomu.

3. Aðstaða og faglegt starf

Markmið stefnu AkAk um aðstöðu og faglegt starf er að bjóða háskólanemum og öðrum sem sinna fræði- og ritstörfum upp á góða aðstöðu og þjónustu til að vinna að hugðarefnum sínum og að efla félagslega samveru akademóna og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.

Húsnæðið í Sunnuhlíð

AkureyrarAkademían komst í öruggt húsnæði þegar fest voru kaup á skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 sem var í eigu Díls ehf. Bókhaldsþjónustu og var skrifað undir kaupsamning í janúar 2020 og flutt í nýja húsnæðið í lok febrúar. Kaupverð var 25,8 m.kr. og var tekið bankalán að upphæð 20,250 m.kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er tæplega 180 fm að stærð og hentar starfsemi AkAk mjög vel. Þegar húsnæðið var keypt samdi fyrrverandi eigandi um að fá að vera áfram í hluta rýmisins en á móti var kaupverð eignarinnar lækkað og var gert ráð fyrir að rýmið yrði losað í febrúar 2021. Í ársbyrjun óskaði fyrrverandi eigandi hins vegar eftir því að fá að vera áfram í húsnæði AkAk en í minna rými en áður og var gengið frá ótímabundnum leigusamningi í febrúar 2021 með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Mánaðarleg leiga Díls ehf. fyrir rýmið er 65,000 kr.

Aðsetur í Sunnuhlíð fyrir norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri

Í október 2021 greindi fasteignafélagið Reginn hf. sem á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð 12 öðrum eigendum í húsinu frá viðræðum félagsins við Framkvæmdasýslu ríkisins um að norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri fengi leigt aðsetur á 2. hæðinni í húsinu. Í kjölfar kynningarfunda um þessi áform ákváðu aðrir eigendur í húsinu að standa ekki í vegi fyrir því að Reginn færi í þessar viðræður og veittu til þessa skriflega heimild. Einnig var kveðið á um ef að viðræðurnar leiddu til þeirrar niðurstöðu að heilsugæslunni yrði fundinn samastaður í Sunnuhlíð þá myndi Reginn semja við aðra eigendur um að kaupa hluta af sameign hvers þeirra í húsinu og á lóð til að koma heilsugæslunni fyrir. Eftir að ljóst var að heilsugæslan myndi fá aðsetur í Sunnuhlíð ákváðu aðrir eigendur að finna sér sameiginlegan lögmann til að vera sér til ráðuneytis og aðstoðar vegna viðræðna við Reginn um kaup félagsins á hluta af sameign

annarra eigenda og á lóð og einnig vegna breytinga sem gera þarf á húsinu en aðsetur heilsugæslunnar verður þar á allri 2. hæðinni og einnig í viðbyggingu sem reist verður til norðurs. Lokað verður á milli 1. og 2. hæðar í sameign í núverandi byggingu með því að fjarlægja stiga og steypa upp í op á milli hæða. Einnig verður opnað á milli kjallara og 1. hæðar í sameign til að fá meiri birtu niður í kjallarann en þar verða stoðrými heilsugæslunnar, starfsmannaaðstaða og geymslur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist þegar kemur fram á þetta sumar og að þeim ljúki haustið 2023 og er fyrirsjáanlegt að þeim muni fylgja ónæði og rask á meðan þær standa yfir. Stjórn AkAk sem og aðrir eigendur í húsinu hafa gengið frá samningum við Reginn ehf. um að félagið kaupi hluta af sameign hvers og eins og á lóð og er kaupverð Regins fyrir hluta af sameign AkureyrarAkademíunnar í húsinu og á lóð 4,7 m.kr.

Innanhúsfólk

Í febrúar 2021 var vinnuplássum hjá AkAk fjölgað úr níu í 12. Hér er aðstaða framkvæmdastjóra ekki talin með eða það rými sem Díll ehf. leigir hjá AkAk. Tvö af 12 vinnuplássum eru samkvæmt samningi Akureyrarbæjar við AkAk um vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla sem Akureyrarbær greiðir fyrir.

Alls voru 22 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk á árinu 2021 til lengri eða skemmri tíma: Andri Már Þórhallsson, Arndís Bergsdóttir, Aron Elí Gíslason, Björg Árnadóttir, Daníel Gunnarsson, Egill Ástráðsson, Egill Steingrímsson, Einar Þórir Árnason, Guðrún Sigurðardóttir, Gunnar Árnason, Hulda Sædís Bryngeirsdóttir, Kristín Thorberg, Margrét Guðmundsdóttir, Martina Huhtamäki, Sigurgeir Guðjónsson, Sólveig Rósa Davíðsdóttir, Steinunn A. Ólafsdóttir, Valentína Jóhannsdóttir, Valgerður H. Bjarnadóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir, Þórhallur S. Bjarnason og Þröstur Ásmundsson.

Til samanburðar voru 20 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk á árinu 2020.

Eins og áður hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum verkefnum á breiðum fagsviðum; frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum, greinaskrifum, ritverkum, þýðingum, samantektum, rannsóknum og ritgerðum í námi eða sem sjálfstætt starfandi fræðimenn. Viðkomandi hafa verið með erindi á fundum og ráðstefnum og haldið námskeið, sinnt kennslu og tekið þátt í samstarfsverkefnum við innlenda og erlenda háskóla.

Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu 2017-2021¹				
2017	2018	2019	2020	2021
88%	103%	102%	95%	66%

¹ Tölur um nýtingu eru miðaðar við almanaksárið hverju sinni en ekki starfsárið sem er milli ársfunda og eru haldnir í maí.

Skýringin á yfir 100% nýtingu fyrir árin 2018 og 2019 er að þá var bætt við tímabundinni vinnuástöðu til að mæta aukinni eftirspurn. Almenn er eftirspurn eftir vinnuástöðu talsvert árstíðabundin, hún er mest í janúar og september en oft minni yfir sumarmánuðina. Eftir að flutt var í húsnæðið í Sunnuhlíð í febrúar 2020 dró um tíma úr eftirspurn eftir vinnuástöðu vegna áhrifa kórónufaraldursins og var laus vinnuástaða auglýst á miðlum AkAk og einnig í Háskólanum á Akureyri sem hafði þau áhrif að frá hausti 2020 og út það ár voru öll vinnuþláss í notkun og einnig var bætt við borði til að koma fleirum að.

Sumarið og haustið 2021 urðu hins vegar talsverðar breytingar á innanhúshópnum bæði vegna búferlaflutninga frá Akureyri og einnig var fólk að ljúka sínu námi og verkefnum. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og mikla upplýsingamiðlun um lausa vinnuástöðu fyrir frumkvöðla, háskólanema og aðra sem sinna fræði- og ritstörfum, hefur ekki tekist að auka nýliðun í innanhúshópnum og eru sex vinnuþláss nú sem stendur í notkun af samtals 12.

Stjórn AkAk telur að rekja megi þessa stöðu til áhrifa samkomutakmarkana vegna kórónufaraldursins en þær leiddu til margvíslegra samfélagsbreytinga, m.a. útbreiddrar heima- og fjarvinnu, sem margir í markhópi AkAk hafi aðlagð sig að. AkAk mun halda áfram að hafa öll spjót úti, eins og áður, til að auka nýliðun í innanhúshópnum.

Yfirlit yfir námsstig þeirra sem voru með vinnuástöðu hjá AkAk árin 2017-2021.²					
	2017	2018	2019	2020	2021
Háskólakennarar				1	1
Nýdóttorar	1	3		3	2
Doktorsnemar	5	6	4	3	2
Meistararnemar	8	9	12	7	1
Nemar í grunnnámi				2	7
Sjálfstætt starfandi	4	4	5	4	7
Frumkvöðlar					2
Samtals	18	22	21	20	22

Á þessu árabili hafa nemar í meistaranámi verið flestir þeirra sem leigja vinnuástöðu hjá AkAk en þar á eftir koma sjálfstætt starfandi fræðimenn og doktorsnemar. Þeir sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar

² Upplýsingar um námsstig þeirra sem leigja vinnuástöðu hjá AkAk miðast við almanaksárið en ekki starfsárið.

félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín en mikilvægt er að geta rætt þau verk sem fengist er við hverju sinni.

Framkvæmdastjóri kemur á framfæri við fulltrúa upplýsingum um möguleika á styrkjum og veitir aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni eins og með þarf. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnisjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Heildarfjöldi skráðra fulltrúa³ AkAk á árinu 2021 var samtals 39 og 28 á árinu 2020.

Aðstaða og þjónusta

Teknar voru saman leiðbeiningar fyrir innanhúsfólk um húsnæði AkAk, umgengni og samskipti. Einnig var yfirlit um rannsóknasjóði sem er á vefsíðu AkAk uppfært og upplýsingum um sjóði og styrki miðlað til akademóna eins og áður.

Einn liður í stefnu AkAk er að leggja fyrir árlegar kannanir meðal akademóna þar sem spurt er um viðhorf þeirra til aðstöðu og þjónustu hjá AkAk. Markmiðið er að greina starfsemina og að nýta niðurstöður til að bæta hana. Viðhorfskönnunin var lögð fyrir í byrjun apríl sl. og send til þeirra sem hafa verið með vinnuaðstöðu hjá AkAk á þessu og síðasta ári og var þátttaka um 70%. Niðurstöðurnar sýna almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar koma fram gagnlegar vísendingar um á hvaða sviðum þurfi að skerpa á áherslum, s.s. varðandi ýmis konar búnað.

Félagsleg samvera

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna kórónufaraldursins á starfsárinu var nokkurn veginn hægt að halda úti áætlunum um félagslega samveru akademóna, súpufundum, jólaboði og vor/haustferð, eins og löng hefð er fyrir í starfsemi AkAk. Á súpufundum koma akademónar saman í hádeginu og gæða sér á súpu og meðlæti og segja frá því sem þeir eru að vinna að og einnig er rætt um það sem er á döfnni í starfsemi AkAk. Settar voru niður áætlanir um þrjá súpufundi á haustmisseri og fjóra á vormisseri en einn varð þó að fella niður vegna kórónusmita. Áformaðri vorferð var breytt í haustferð og var farið þann 9. september til Skagafjarðar í fallegu veðri til að skoða sögustaði og næra andann og félagsskapinn. Jólaboð akademóna fór fram 10. desember.

³ Fulltrúi er sá sem greiðir árgjald til AkAk og leigir hluti fulltrúa líka vinnuaðstöðu hjá AkAk.

15 ára afmæli

Haldið var upp á 15 ára afmæli AkAk 28. október og komu hátt í 30 vinir og velunnarar í heimsókn. Boðið var upp á dagskrá og léttar veitingar. Steinunn A. Ólafsdóttir formaður stjórnar AkAk var með ávarp, Vilhjálmur B. Bragason vandræðaskáld skemmti með söng og tónlist og Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur kynnti skýrslu um verkefni og viðburði á vettvangi AkAk 2006 - 2021 sem hún sá um að taka saman. Í tengslum við afmælið var vakin athygli á 15 ára fræða- og menningarstarfi AkAk hér í bænum með fréttum og pistlum á miðlum AkAk og einnig í svæðismiðlum á Akureyri.

4. Miðlun upplýsinga

Markmið stefnu AkAk um miðlun upplýsinga er að efla fjölbreytta miðlun um starfið á vettvangi AkAk til að auka sýnileika í samfélaginu.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Eins og áður hefur verið lögð mikil áhersla á að nýta vel vefsíðu og samfélagsmiðla fyrir miðlun upplýsinga um starfið á vettvangi AkAk og einnig hefur verið vakin athygli á þessum málum með fréttum og pistlum í svæðismiðlum á Akureyri.

Fréttabréf

Á starfsárinu komu út samkvæmt áætlun samtals fimm fréttabréf en þau hófu göngu sína í nóvember 2020. Tilgangur fréttabréfanna er að miðla upplýsingum til félaga og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinn hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.

Sköpun akademóna. Verkefni og viðburði 2006- 2021

Í ársbyrjun 2021 réð stjórn AkAk Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing til að taka saman skýrslu yfir þau verk sem unnin hafa verið innan veggja AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til ársins 2021, og viðburði á vegum félagsins og AkAk á sama árabili. Haft var samband við þá sem höfðu vinnuaðstöðu hjá AkAk og Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á þessu tímabili til að upplýsa um fyrirhugaða skýrslugerð. Tilgangurinn með skýrslunni er að halda á lofti og vekja athygli á merkilegu fræða- og menningarstarfi félagsins og AkAk í þágu samfélags og íbúa hér á svæðinu á þessum tíma. Skýrslan var gefin út í 100 eintökum og sá Prentmet Oddi um umbrot og prentun. Margrét Guðmundsdóttir kynnti skýrsluna formlega þegar haldið var upp á 15 ára afmæli AkAk 24. október en áður hafði þessi vinna verið kynnt á ársfundí AkAk 2021 og um hana fjallað í fréttabréfum.

Frá upphafi hefur markmið AkAk verið að starfrækja fræða- og menningarsetur á Akureyri til að bjóða háskólanemum og öðrum sem fást við fræða- og ritstörf upp á aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum og að styðja við rannsóknir og fræði með því að miðla þekkingu út í samfélagið og stuðla að umræðum.

Skýrslan sýnir að starfsemi AkAk hefur skilað góðum árangri og átt þátt í að styrkja búsetu og samfélag hér á svæðinu. Á liðnum 15 árum hafa tæplega 100 einstaklingar haft samastað til sköpunar innan veggja AkAk sem tekur til tæplega 50 greina eða fræðasviða. Um er ræða fjölbreytt safn verkefna; lokaverkefni í háskólanámi, rannsóknir, skýrslur, tímaritsgreinar, bækur, kennsluefni og fleira. Flestir hafa verið í námi, bæði við innlenda og erlenda háskóla, en einnig hefur fjölbreyttur hópur sjálfstætt starfandi fræði- og listamanna sem og frumkvöðlar unnið að verkum sínum hjá AkAk. Starfsemi AkAk hefur gefið háskólanemum og þeim sem vinna að fræði- og ritstörfum hér í bæ og víðar tækifæri til menntunar og sköpunar á heimaslóðum og hluti einstaklinganna hefur ákveðið að flytja til Akureyrar og tekið störf sín með sér. Innan veggja AkAk hafa þeir stundað kennslu við erlenda og innlenda háskóla og tekið þátt í innlendu og erlendu rannsóknastarfi á fjölbreyttum fagsviðum. AkAk er mikilvægur hluti þeirra innviða sem eru og þurfa að vera fyrir hendi hér á svæðinu til að nýta sem best tækifæri sem felast í störfum óháð staðsetningu með það fyrir augum að gera Norðurland að eftirsóknarverðum valkosti til búsetu, háskólanáms og fræða- og ritstarfa.

Þverfaglegt samfélag einstaklinga á vettvangi AkAk með fjölbreyttan bakgrunn hefur skapað frjótt samtal og umhverfi sem hefur auðgað mannlíf og menningarstarf hér á svæðinu. Á þessum 15 árum hefur AkAk staðið fyrir ríflega 150 viðburðum þar sem lögð hefur verið áhersla á að tengja saman ólíka hópa og að virkja almenning til þátttöku. Fjölbreytt viðburðahald hefur þjónað öllum aldurshópum í bænum og sérstök áhersla verið lögð á að sinna eldri borgurum með samstarfi við öldrunarheimilin um fyrirlestra fyrir íbúana sem hafa að jafnaði verið opnir almenningi. Auk þessa hefur AkAk átt áralangt farsælt samstarf við Háskólann á Akureyri og ReykjavíkurAkademíuna og á árinu 2021 hófu AkAk og Akureyrarbær samstarf um að bjóða einstaklingum upp á ókeypis aðstöðu til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna. Einnig hafa fjölmargar opinberar stofnanir, félög og fyrirtæki unnið með AkAk að fræðslu- og menningarmálum á liðnum árum eða lagt þeim lið.

Skýrslunni og samantekt um hana var miðlað til samstarfsaðila AkAk; mennta- og menningarmálaráðuneytis, Akureyrarbæjar, Háskólans á Akureyri og ReykjavíkurAkademíunnar, og einnig til þingmanna Norðurlands eystra og samtaka sveitarfélaga í landshlutanum, þekkingarsetra á Norðurlandi og sjóða sem lagt hafa viðburðum AkAk lið með styrkjum eða AkAk hefur leitað til með styrki.

Ennfremur boðaði stjórn AkAk fjölmiðla á sinn fund til að kynna skýrsluna sem greindu frá henni með fréttum og viðtölum.

Ný vefsíða

Þegar vinna stóð yfir að skýrslu um verkefni og viðburði var samhliða farið í skoðun á því að gera hana aðgengilega á vefsíðu AkAk í gagnagrunni sem hægt væri að leita í og uppfæra jöfnum höndum. Í ljós kom að núverandi vefsíða AkAk ræður ekki við gagnagrunn af þessari stærð og tók stjórnin þá ákvörðun að taka í notkun öflugri vefsíðu sem væri einnig aðgengilegri og notendavænni en sú sem nú er notuð. Gerður var samningur við hugbúnaðarfyrirtækið Stefnu á Akureyri um hönnun nýrrar vefsíðu og er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin fyrir haustið 2022. AkAk sér um ritstjórn vefsíðunnar en Stefna hefur með höndum kerfislega umsjón og aðstoð.

Kynningarefni

Stjórn AkAk hefur ákveðið að gefa út kynningarefni um AkAk í formi þríblöðungs með hnitmiðuðum texta og myndum sem hægt væri að láta liggja frammi á fjölförnum stöðum og afhenda þeim sem heimsækja AkAk eða AkAk hefur samskipti við. Vinna stendur yfir að textagerð og í framhaldinu verður leitað eftir tilboðum í hönnun og prentun. Stefnt er að því að kynningarefnið verði tilbúið með haustinu.

5. Ytra samstarf

Markmið stefnu AkAk um ytra samstarf er að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Akureyrarbær

Vorið 2021 gerðu Akureyrarbær og AkureyrarAkademían með sér þriggja ára samstarfssamning sem hefur það markmið að styðja við frumkvöðlastarf og um leið starfsemi AkAk með því að bjóða tveimur einstaklingum sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna upp á vinnuástöðu í húsnæði AkAk sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Úthlutunartímabil eru tvö á hverju ári, annars vegar frá 1. mars – 31. ágúst og hins vegar frá 1. september – 28. febrúar og er auglýst eftir umsóknum í janúar vegna fyrra tímabilsins og í ágúst vegna þess síðara. Við mat á umsóknum skal m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum:

- a) Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
- b) Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
- c) Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.

Þrjú einstaklingar sendu inn umsóknir vegna úthlutunartímabilsins 1. september – 28. febrúar og var byrjað á því að bjóða umsækjendum að koma í heimsókn til AkAk og skoða vinnuáðstöðuna til að kanna hvort hún hentaði þeim verkefnum sem þeir ætluðu að vinna að sem og að veita upplýsingar um vinnuáðstöðu hjá AkAk. Í kjölfarið lögðu samstarfsaðilar mat á umsóknir og var tveimur einstaklingum boðin vinnuástaðan. Skömmu seinna sagði annar þeirra sig frá vinnuáðstöðunni vegna breyttra aðstæðna og ákváðu samstarfsaðilar þá að bjóða þriðja umsækjandanum vinnuáðstöðunni sem hann þáði. Frumkvöðlarnir tveir byrjuðu að nýta vinnuáðstöðuna frá 1. september en um miðjan október hætti annar þeirra vegna breytinga sem höfðu orðið á því verkefni sem unnið var að og aðstæðum viðkomandi. Akureyrarbær greiddi samt sem áður fyrir vinnuáðstöðunni út tímabilið.

Engar umsóknir bárust um vinnuáðstöðu þegar auglýst var í janúar vegna tímabilsins frá 1. mars til 31. ágúst þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og mikla upplýsingamiðlun. Akureyrarbær mun samt greiða fyrir vinnuáðstöðuna þennan tíma en samstarfsaðilar stefna að því að fara yfir framkvæmd samningsins með haustinu.

Háskólinn á Akureyri

Núverandi samstarfssamningur AkAk og HA var endurnýjaður í september 2020 til næstu þriggja ára og er markmið hans, eins og áður, m.a. að efla samstarf milli aðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Samkvæmt samningnum sendir AkAk reglubundið upplýsingar til HA um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk með það fyrir augum að HA geti leitað til þeirra með að taka að sér stundakennslu eða önnur verkefni. Undanfarin misseri hefur eiginlegt samstarf aðila legið niðri vegna kórónufaraldursins, s.s. um sameiginlegt ráðstefnuhald einu sinni á samningstímanum samkvæmt samstarfssamningnum en sl. haust fóru fundir og samræður aftur af stað sem hafa aðallega snúist um tvö viðfangsefni. Annars vegar að HA kynni fyrir akademískum starfsmönnum möguleika á vinnuáðstöðu hjá AkAk og að AkAk efli tengsl sín við meistara- og doktorsnema í sama tilgangi og hins vegar að aðilar efni til hádegisfundar um vísindasamfélagið á Akureyri og hvernig megi efla það. Þessi hádegisfundur var haldinn 17. maí sl. í HA. Inngangserindi héldu annars vegar Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur um 15 ára rannsóknarsögu AkureyrarAkademíunnar og hins vegar Eyjólfur Guðmundsson rektor Háskólans á Akureyri um umhverfi og aðstöðu fyrir rannsóknir og fræðastarf á Akureyri. Eftir erindin fóru fram umræður um hvernig megi efla Akureyri sem eftirsóknarverðan kost fyrir vísinda- og fræðafólk til að starfa að sínum rannsóknum.

ReykjavíkurAkademían

Núverandi samstarfssamningur AkAk og ReykjavíkurAkademíunnar (RA) var endurnýjaður vorið 2021 til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er að efla samstarf milli stofnananna og fræðimanna þeirra með áherslu á samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun og nýtingu aðstöðu og húsnæðis.

Í kjölfarið hittust stjórnir og félagar akademíanna á netfundi til að ræða um aðferðir við að efla samstarfið á grundvelli samningsins og var m.a. rætt um að vinna að því að efla gagnkvæmar heimsóknir félaga og afnot af vinnuaðstöðu, gagnkvæmt upplýsingastreymi til að efla tengsl og samstarf og að skoða möguleika á að hittast miðja veginni milli Reykjavíkur og Akureyrar yfir eina helgi þegar samfélagsaðstæður leyfðu. Stjórnnum akademíanna var falið að ýta samstarfinu úr vör.

Síðastliðið haust var komið á fót sameiginlegum póstlista innanhúsfólks akademíanna til að auðvelda upplýsingastreymi og tengsl og er hann notaður fyrir tilkynningar um sameiginleg mál og upplýsingar og fréttir af starfi akademíanna. Einnig var sett á fót sameiginleg nefnd til að skipuleggja skemmti- og fræðsluferð félaga akademíanna miðja veginni milli Akureyrar og Reykjavíkur til að kynnast, efla tengsl og samstarf og var gert ráð fyrir að hittast að Laugarbakka í Miðfirði helgina 26. – 27. mars. Ferðinni varð síðan að fresta þar sem tímasetning hentaði ekki fyrir marga og var hún færð fram á haustið, helgina 8. – 9. október. Jafnframt gengu AkAk og RA frá viðbót við samstarfssamning akademíanna sem felur í sér nánari útfærslu á fyrirkomulagi á gagnkvæmum, endurgjaldslausum afnotum akademóna af vinnuaðstöðu í húsnæði systurstofnunarinnar norðan eða sunnan heiða. Þar er gert ráð fyrir að þegar fræðimenn akademíanna nýta sér þennan möguleika þá verði miðað við endurgjaldslaus afnot af vinnuaðstöðu allt að einum mánuði. Aðgangur að vinnuaðstöðu samkvæmt þessu er þó kominn undir því að fyrir hendi sé laus aðstaða hverju sinni en akademíurnar munu þó kappkosta að útvega vinnuaðstöðu þegar eftir henni er leitað. Aðgangur fræðimanna að annarri þjónustu akademíanna er alltaf opinn og endurgjaldslaus. Einnig er miðað við að afnot fræðimanna af gagnkvæmri vinnuaðstöðu sem stendur í fimm daga eða lengur ljúki með því að viðkomandi haldi stutt erindi um það verkefni sem unnið var að. Þá er æskilegt að fræðimenn sem staldra styttra við þakki fyrir sig á sama hátt.

Í vor fengu AkAk og RA 2,0 m.kr. styrk hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða tvo háskólanema í sumar, annan í upplýsingafræði og hinn í sagnfræði, til að taka saman upplýsingar um fjölda, menntun og afurðir fræðafólks hjá RA og AkAk á tímabilinu 1997 – 2021 og skrá í gagnagrunn. Einnig er þeim ætlað að skoða fjármögnun opinberra sjóða og breytingar á umhverfi sjálfstætt starfandi fræðafólks. Markmiðið er að ná utan um auðlegð og fjármögnun þekkingar í RA og AkAk og að tala fyrir og gera hópinn sýnilegan

í opinberum hagtölum og meta hagrænt framlag hans til samfélagsins. Um er að ræða fullt starf í þrjá mánuði. Verkefninu lýkur með fyrirlestri á málþinginu *Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir* sem haldið verður 14. október 2022 á vegum RA. Búið er að auglýsa eftir nemum og ganga frá ráðningum. Vinnuaðstaða þeirra verður hjá RA og verður verkefnið unnið undir stjórn Sigurgeirs Finnssonar forstöðumanns Bókasafns Dagsbrúnar og Lilju Hjartardóttur stjórn málafræðings og fulltrúa í stjórn RA. Framkvæmdastjórar akademíanna munu aðstoða við heimildaleit og upplýsingaöflun.

Annað samstarf

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Undanfarin ár hefur verið ánægjulegt samstarf í gangi á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að akademónar halda fyrirlestra fyrir íbúana og áður en kórónufaraldurinn breytti öllum aðstæðum í samfélaginu voru þeir líka opnir fyrir aðra bæjarbúa og vel sóttir. Veturinn 2020 – 2021 var brugðið á það ráð vegna samkomutakmarkana að streyma fyrirlestrum úr húsnæði AkAk til íbúanna á heimilunum og haustið 2021 var farin sú leið að taka fyrirlestra upp og gera þá aðgengilega á heimasíðu AkAk fyrir íbúana því ekki var hægt að vera með opna viðburði á heimilunum vegna ytri aðstæðna. Farið var í samstarf við myndver Kennslumiðstöðvar HA um upptökur á fimm fyrirlestrum á tímabilinu frá september til desember. Eftirfarandi fyrirlestrar voru teknir upp:

- Fyrirlestur Jóns Hjaltasonar sagnfræðings: *Ótrúlegt en satt. Nokkrir furðu-kaflar úr sögu Akureyrar*. Þar var m.a. sagt frá mútupægni, íþróttalífi, bæjarskipulagi sem aldrei varð og matvæðni Akureyringa.
- Fyrirlestur Sigurgeirs Guðjónssonar sagnfræðings: *Saga netagerðar á Akureyri*. Umfjöllun um fyrstu netaveiðar í Eyjafirði frá 18. öld fram á fyrstu ár 20. aldar. Einnig var farið yfir netagerð á Akureyri á fyrri hluta 20. aldar og helstu forvígismenn greinarinnar kynntir, sem og mennta- og skólamál sem viðkoma greininni og jafnframt vísað til þróunar netagerðar á landsvísu.
- Fyrirlestur Kristínar Sigfúsdóttur hússtjórnarkennara og umhverfisfræðings: *Fyrir daga plastsins*. Umfjöllun um hvernig gengið var frá matvælum áður en plastið kom til sögunnar og ýmsar aðferðir sem þá voru notaðar og hægt er að nýta í dag til að draga úr plastnotkun.
- Söngva- og tónlistardagskrá Þórarins Hjartarsonar sagnfræðings um Pál Ólafsson skáld. Dagskráin hét *Páll Ólafsson - söngvari sumars, víns og ástar*. *Ástarskáld Austurlands*. Hér fjallaði Þórarinn um Pál Ólafsson og ljóðagerð hans með áherslu á ástarljóðin og söguna bak við þau. Ljóðin voru ýmist lesin eða sungin.
- Fyrirlestur Aðalheiðar Steingrímisdóttur kennara og sagnfræðings um verkalýðs- og stjórn málastarf *Elísabetar Eiríksdóttur* (1890-1971) á Akureyri og landsvísu. Elísabet var formaður verkakvennafélagsins Einingar frá 1927 til 1960, bæjarfulltrúi á Akureyri fyrir vinstri flokka frá

1927 til 1954 og tók hún virkan þátt í baráttu kvennahreyfingarinnar fyrir jafnrétti kvenna í launa- og atvinnumálum.

Menningarsjóður Akureyrar og Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrktu fyrirlestrana.

Í febrúar 2022 úthlutaði Norðurorka hf. styrkjum til samfélagsverkefna og fékk AkAk styrk til að halda fyrirlestra fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna á Akureyri og aðra bæjarbúa á þessu ári og er markmið þeirra eins og áður að bjóða upp á fræðandi erindi þar sem fjallað er um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti.

Fyrsti fyrirlesturinn af fjórum fór fram þann 8. apríl sl. en þá sagði Hörður Geirsson safnvörður ljósmyndasafns Minjasafnsins á Akureyri frá nýrri ljósmyndasýningu safnsins *Hér stóð búð*. Um 50 manns hlýddu á skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um þróun matvörubúða og sjoppa í bænum og tíðarandann á tímabilinu frá 1930 til 2000. Fyrirlesturinn fór fram í salnum á Hlíð og var honum streymt til íbúanna á Lögmannshlíð. Ekki var hægt að auglýsa fyrsta fyrirlesturinn vegna smitvarna á hjúkrunarheimilunum en næstu þrjár verða auglýstir sem opnir viðburðir fyrir alla.

Annar fyrirlesturinn var haldinn 27. maí sl. en þá var Rannveig Karlsdóttir kennari og þjóðfræðingur með fyrirlestur fyrir íbúana á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð og aðra bæjarbúa um ævi og störf brautryðjandans og kvenskörungsins Jóninnu Sigurðardóttur (1879-1962) húsmæðrakennara. Jóninna bjó mestan hluta ævi sinnar á Akureyri og var landsþekkt fyrir störf sín að eflingu húsmæðramenntunar og þekkingu almennings á matargerð og húshaldi. Um 30 til 40 manns komu saman í salnum á Lögmannshlíð og hlýddu á skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um ævi og störf þessarar merku konu. Fyrirlestrinum var streymt til íbúanna á Hlíð.

Næstu tveir fyrirlestrar verða haldnir í september og október í haust.

Fyrirlestrar og söguganga fyrir bæjarbúa

Í febrúar 2022 fékk AkAk styrk hjá Menningarsjóði Akureyrar til að vera með fyrirlestra og sögugöngu fyrir bæjarbúa í tengslum við 160 ára afmæli Akureyrarbæjar á þessu ári. Sögugangan er í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. Markmiðið með viðburðunum er að:

- Auka framboð á fjölbreyttu og aðgengilegu efni fyrir almenning um sögu og menningarlíf á Akureyri.

- Hvetja fræða- og áhugafólk til að rannsaka og skrifa um sögu Akureyrar út frá fjölbreyttum sjónarhornum.
- Vekja upp umræðu um mikilvægar vörður á þeirri vegferð síðustu 160 árin, og síðast en ekki síst að rýna til gagns samhengi og þýðingu þessa fyrir samtímann og framtíðarþróun bæjarins.

Sett var á fót nefnd á vettvangi AkAk til að undirbúa fyrirlestra og sögugöngu sem í eru innanhúsfólk auk framkvæmdastjóra. Verið er að vinna að undirbúningi sögugöngu í samstarfi við Minjasafnið og er stefnt að því að bjóða upp á hana á afmæli bæjarins í ágúst og að þar verði menntun barna og frístundum gerð skil.

Fyrsti fyrirlesturinn af þremur fór fram 26. apríl sl. en þá var dr. Páll Jakob Líndal umhverfissálfræðingur með fyrirlestur um skipulagsmál sem hét: *Hvers konar þéttbýli viljum við?* Í fyrirlestrinum ræddi dr. Páll Jakob um upplifun fólks í þéttbýlisumhverfi, hvað þurfi að leggja áherslu á svo skapa megi mannvænt og heilsusamlegt þéttbýli og hvernig megi brúa bilið milli ólíkra hagsmunahópa þegar kemur að hönnun og uppbyggingu þess. Á 21. öldinni er krafan að við hönnun, mótun og skipulagningu þéttbýlis sé heilsa og velferð fólks tekin alvarlega. Að umhverfið sé því hliðhollt, það bæti, efli og styrki. Um 60 til 70 manns sóttu fyrirlesturinn og sköpuðust fjörugar umræður um mikilvægi þess að bæjarbúar taki þátt í að móta nærumhverfið og stefnuna í skipulagsmálum. Fyrirlesturinn fór fram í sal Félags eldri borgara á Akureyri að Bugðusíðu 1 og stóð frá kl. 16:00 til 18:00.

Næstu tveir fyrirlestrar verða haldnir í september og október.